



## **Héraðsnefnd Árnesinga bs.**

### **6. fundur haldinn á Hótel Flúðum**

**9. – 10. apríl 2015**

Fimmtudagur 9. apríl kl. 11:00

Ari Björn Thorarensen, formaður Héraðsnefndar Árnesinga, setti fundinn og bauð fulltrúa velkomna. Síðan var gengið til dagskrár.

#### **1. Fundargerðir framkvæmdastjórnar og fagráða**

Fundargerðir framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs. nr. 3 frá 9. desember, nr. 4 frá 5. janúar og nr. 5 frá 26. mars voru lagðar fram.

3. fundur frá 9. desember.

Rætt var um fjallskilareglugerð.

Til máls tóku auk formanns Gunnar Þorgeirsson, Helgi S. Haraldsson og Sveinn S. Steinarsson.

4. fundur frá 5. janúar.

Rætt var um ráðningarsamning forstöðumanns Héraðsskjalasafnsins.

Til máls tók Gunnar Þorgeirsson auk formanns.

5. fundur frá 26. mars.

Til máls tóku auk formanns Gunnar Þorgeirsson.

Fundargerðir voru bornar undir atkvæði og samþykktar samhljóða.

#### **2. Ársreikningur Listasafns Árnesinga**

Inga Jónsdóttir sat fyrir svörum.

Formaður óskaði safninu til hamingju með tilnefningu til Eyrarrósarinnar.

Safnstjóra var þakkað fyrir metnaðarfullt og gott starf.

Inga sýndi svipmyndir af safninu á skemmtilegri vídeókynningu. Þar bar að líta svipmyndir frá sýningum og uppákomum í safninu á árinu. Ræddi hún um fjölbreytni í

sýningum á safninu og fagnaði því að aukning hafi orðið á heimsóknum barna í safnið. Hún vill þó sjá fleiri og markvissari heimsóknir barna úr aðildarsveitarfélögum. Rætt var um hvernig kynna mætti list fyrir börnum og einnig hvernig hægt væri að fá fleira fólk inn á safnið.

Fundargerð nr. 6 frá 31. mars var lögð fram og staðfest.

Ársreikningur safnsins var lagður fram og svaraði Inga fyrirspurnum um reikninginn.

Ársreikningur Listasafns Árnesinga var staðfestur.

Til máls tóku auk formanns Aldís Hafsteinsdóttir, Gunnar Þorgeirsson, Viktoría Sif Kristinsdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Skafti Bjarnason, Ragnar Magnússon, Guðmundur Ármann Pétursson, Ásta Stefánsdóttir og Sandra Dís Hafþórsdóttir.

Formaður bað starfsmann Listasafnsins um að útfæra hvernig hægt sé að skrá og merkja þau listaverk sem eru í vörslu sveitarfélaganna en eru í eigu safnsins og einnig verk sem staðsett eru annars staðar, s.s. á Sýsluskrifstofunni á Selfossi.

### **3. Ársreikningur Tónlistarskóla Árnesinga**

Robert Darling og Helga Sighvatsdóttir sátu fyrir svörum.

Róbert ræddi um að skólaárið 2014-2015 hafi verið skólanum erfitt. 6 vikna verkfall hafði mikil áhrif á starfsemi skólans. Nokkrir nemendur hurfu frá námi í kjölfar verkfalls og áfanga- og stigspróf verða færri en venjulega í vor af þessum sökum. Veðrið setti einnig strik í reikninginn þar sem ekki var alltaf hægt að halda uppi kennslu vegna ófærðar, einnig hefur þurft að fella niður og fresta tónleikum vegna veðurs.

Þó þetta hafi ekki verið auðveldur vetur þá hefur margt verið gert, haldnir hafa verið tónleikar og margt er fram undan hjá nemendum í tónlistarskólanum.

Tónlistarskólinn verður 60 ára á árinu og verður þess minnst á opnum degi 18. apríl nk. Dagskrá mun verða á 6 stöðum í sýslunni og er stefnt á að allir nemendur skólans komið fram á þessum merkilegu tímamótum.

Ársreikningur skólans var lagður fram og svöruðu Róbert og Helga fyrirspurnum um reikninginn.

Ársreikningur Tónlistarskóla Árnesinga var staðfestur.

Fundargerðir nr. 169 frá 26. nóvember, nr. 170 frá 5. janúar, nr. 171 frá 26. janúar og nr. 172 frá 23. mars voru lagðar fram og staðfestar.

Til máls tóku auk formanns Aldís Hafsteinsdóttir, Gunnar Þorgeirsson, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Ragnar Magnússon og Arna Ír Gunnarsdóttir.

Skólastjórnendum var þakkað fyrir metnaðarfullt og gott starf.

#### **4. Ársreikningur Héraðsskjalasafns Árnesinga**

Þorsteinn Tryggvi Mátsson sat fyrir svörum.

Sagði Þorsteinn frá hvað drifið hefur á daga safnsins á síðastliðnu ári. Vefur safnsins er með um 35.000 flettingar á viku og komu um 1000 gestir á safnið síðastliðið ár. Færri afhendingar hafa verið á árinu en undanfarin ár. Farið var í leikskóla á öllu svæðinu. Starfsmenn safnsins er fjórir en á komandi ári lýkur ljósmyndaverkefninu en skráðar eru nú rúmlega 100.000 ljósmyndir. Vonast er eftir því að fá styrk frá sveitarfélögum austan Þjórsár til að geta farið í að setja inn myndir sem Ottó Eyfjörð tók. Unnið er að þarfagreiningu og skýrslu fyrir sveitarfélögin sem verður kynnt næsta haust. Einnig ræddi Þorsteinn um frímerkja- og peninga- og myntsafn Helga Ívarssonar.

Fundargerð fagráðs frá 3.febrúar og frá 8. apríl voru lagðar fram og staðfestar.

Ársreikningur fyrir safnið var lagður fram og svaraði Þorsteinn fyrirspurnum um reikninginn.

Ársreikningur Héraðsskjalasafns Árnesinga var staðfestur.

Þorsteinn ræddi um að ekki hafi fundist hentugt húsnæði til leigu og er talið að kaup sé besta lausnin. Tilboð hefur verið gert í bil í Gagnheiði 69 á Selfossi sem hentar vel sem geymsluhúsnæði fyrir safnið og ætti að nýtast safninu næstu 10 árin og jafnvel lengur.

Í framhaldi var lögð fram bókun frá fundi fagráðs Héraðsskjalasafns Árnesinga þar sem óskað er eftir heimild til að veita forstöðumanni safnsins heimild að ganga frá kaupum á iðnaðarhúsnæði.

Samþykkt var samhljóða að veita forstöðumanni Héraðsskjalasafnsins heimild til að ganga frá kaupunum með fyrirvara um staðfestingu aðildarsveitarfélaganna.

Til máls tóku auk formanns Gunnar Þorgeirsson, Ragnar Magnússon, Aldís Hafsteinsdóttir og Sveinn S. Steinarsson.

#### **5. Ársreikningur Byggðasafns Árnesinga**

Lýður Pálsson sat fyrir svörum.

Lýður sagði frá því að nú er komið uppgjör á viðgerðum á Kirkjubæ. Fjöldi gesta í Húsið hefur haldist mjög svipaður milli ára þó er aðeins fækkun sl. ár, en um 4300 gestir komu. Leita þarf einhverra leiða til að auka gestafjölda.

Unnið er að uppsetningu sýningar í Kirkjubæ en hún mun bera nafnið „Hús draumanna 1930“ Endurnýjun á sér stað á grunnsýningunni og er sýningin Vesturfarar í uppsetningu. Sumarsýningin í borðstofunni verður helguð 100 ára kosningarrétti kvenna. Einnig sagði hann frá ýmsum sýningum sem verið hafa og eru fram undan.

Unnið er að skráningu í Sarp en þar er hægt að sjá hvað safnið á mikið af gripum. Gripir sem hafa verið til sýnis í Geysisstofu eru nú komnir í vörslu safnsins aftur. Ákveðið hefur verið að halda upp á 250 ára afmæli Hússins á Eyrarbakka 9. ágúst.

Ársreikningur safnsins var lagður fram og svaraði Lýður fyrirspurnum um hann.

Ársreikningur Byggðasafns Árnesinga var staðfestur.

Lögð var fram beiðni safnstjóra um viðbótarfjárveitingu þar sem breyting hefur orðið á rekstraráætlun fyrir árið 2015 en gert var ráð fyrir að tjarga þyrfti þak og áveðurshlið Hússins á Eyrarbakka. Gert var ráð fyrir 1,2 millj. kr. í verkefnið en deildarstjóri húsasafns Þjóðminjasafns Íslands hafði samband við safnið og taldi að tjarga þyrfti húsið frá toppi til táar. Assistentahúsið þarf einnig að mála og er kostnaðurinn upp á 3 millj. króna. Því er óskað eftir viðbótarfjármagi upp á 1,8 millj. króna.

Samþykkt var að taka viðbótarfjárveitingu af eigin fé ( jarðskjálftabætur) safnsins. Tekið verður tillit til þess í næstu fjárhagsáætlunargerð.

Fundargerðir fagráðs nr.3 frá 19. janúar, og nr. 4 frá 31. mars voru lagðar fram og staðfestar.

Til máls tóku auk formanns Aldís Hafsteinsdóttir, Sveinn S. Steinarsson, Eyþór Ólafsson, Gunnar Þorgeirsson, Guðmundur Ármann Pétursson, Ármann Einarsson, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Viðar Helgason og Arna Ír Gunnarsdóttir.

## **6. Ársreikningur Héraðsnefndar Árnesinga**

Ingibjörg Garðarsdóttir fjárhaldsmaður fór yfir reikninginn. Reikningurinn var lagður fram og staðfestur.

Aldís Hafsteinsdóttir ræddi um Hrísholt 8 hvort eiga eigi eignina eða selja hana. Samþykkt var að fela Aldísi Hafsteinsdóttur og Ástu Stefánsdóttur að vinna að því að setja Hrísholt 8 í söluférlu.

Til máls tóku auk formanns Gunnar Þorgeirsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Viðar Helgason, Gunnar Egilsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveinn S. Steinarsson, Helgi Kjartansson, og Ragnar Magnússon.

## **7. Sameining sveitarfélaga**

Þorvarður Hjaltason kom á fundinn og kynnti samantekt sína um sameiningu sveitarfélaga.

Fór hann yfir þróun sveitarstjórnarkerfisins og setti fram nokkra punkta með sögulegu yfirliti ásamt því að sýna yfirlit yfir fjölda og stærð sveitarfélaga á árunum 1703- 2010. Árið 2015 eru sveitarfélög 74.

Einnig varpaði hann fram og svaraði spurningunni – hvers vegna þarf að sameina sveitarfélög?

Í máli hans kom fram að hann telur sveitarstjórnarstigið vera ósamstætt og sundurlaust. Íbúafjöldi í sveitarfélögum á Íslandi er á bilinu 50-120.000.

Sveitarstjórnarstigið er veikt gagnvart ríkisvaldinu. Mörg minni sveitarfélög geta ekki veitt þá þjónustu sem þeim er skylt nema í samvinnu við aðra.

Til að efla sveitarfélögin þarf að breyta skipulagi þeirra og er æskilegt að hvert sveitarfélag sé ekki með færri íbúa en 4000 nema í undantekningartilvikum vegna landfræðilegra aðstæðna. Æskilegast væri að hafa íbúafjölda á bilinu 10-20 þúsund. Sveitarfélög með íbúafjölda á því bili eiga auðveldara með að taka að sér stærri verkefni eins og heilsugæslu, öldrunarþjónustu o.s.frv.

Sameining sveitarfélaga á Suðurlandi hefur leitt til fækkunar úr 38 sveitarfélögum í 15 og eru aðeins fjögur sveitarfélög á Suðurlandi sem ekki hafa sameinast öðrum, það eru Ásahreppur, Hveragerði, Hrunamannahreppur og Vestmannaeyjabær.

Ástæður fyrir því að sveitarfélögum hefur ekki fækkað enn meira eru m.a.:

Vanhugsun, hrepparígur, „smákóngaveldi“, hræðsla íbúa við að „stóra“ sveitarfélagið ráði öllu, landfræðilegar ástæður og takmarkaður ávinningur.

Munur á niðurstöðum kosninga sem fóru fram 2005 og skoðanakannana 2014 sýna að íbúar í Árnassýslu eru mun jákvæðari 2014 en árið 2005 fyrir sameiningu í einhverri mynd. Ólíklegt þykir þó að hægt verði að ná fram sameiningu nema með lagasetningu af einhverju tagi.

Einnig fór hann yfir þrjá valkosti sem hann taldi að væru fyrir hendi.

Niðurstaða Þorvarðar er að það er engin fullkomin lausn til þar sem það eru kostir og gallar við allar leiðir. Ef við erum ekki sátt við stöðuna í dag þá þarf að finna bestu leiðina. Til þess þarf að ræða málin og velta upp möguleikum og fara yfir kosti og galla. En markmiðið hljóti að vera það að íbúarnir fái að ráða meiru um eigin málefni.

Til máls tóku auk Þorvarðar, Ari Björn Thorarensen, Gunnar Egilsson, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Sveinn S. Steinarsson, Gunnar Þorgeirsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Guðmundur Ármann Pétursson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Skafti Bjarnason og Eyþór Ólafsson.

Ari þakkaði Þorvarði fyrir komuna og kynninguna og frestaði fundi til morguns.

Föstudagur 10. apríl kl 9:00

## **8. Ársreikningur Almannaþingar Árnassýslu**

Kristján Einarsson og Unna Björg Ögmundsdóttir sátu fyrir svörum.

Fundargerðir framkvæmdaráðs nr. 9 frá 26. janúar og nr. 10 frá 9. febrúar voru lagðar fram og staðfestar.

9. fundur

Kristján Einarsson ræddi um samskiptamál Almannavarna Árnassýslu við lögreglu og almannavarnadeild Ríkislögreglustjóra og þá einna helst í sambandi við eldgosid í Holuhrauni og sem dæmi varðandi flóðahættu í Árnassýslu.

Ársreikningur Almannavarna Árnassýslu var lagður fram og staðfestur.

Til máls tóku auk Kristjáns Gunnar Þorgeirsson og Ásta Stefánsdóttir.

## **9. Ársreikningur Brunavarna Árnassýslu**

Kristján Einarsson og Unna Björg Ögmundsdóttir sátu fyrir svörum.

Fundargerðir fagráðs nr. 7 frá 6. október og nr. 8 frá 3. febrúar voru lagðar fram.

7. fundur

Rætt var um reglugerð um starfsemi slökkviliða.

8. fundur

Kristján sagði frá fundum með fulltrúum Brunavarna Rangárvallasýslu.

Kristján ræddi um framtíðarsýn Brunavarna Árnassýslu. Hann telur að slökkviliðum á landinu muni fækka á næstu 10-15 árum, í dag eru þau 39 en munu á líklega á endanum verða 8 með sameiningum slökkviliða. Í framtíðinni sér Kristján það fyrir sér að það muni verða rekið eitt öryggisverkefni sveitarfélaga, með sameiningu brunavarna, slökkviliðs og lögreglu.

Einnig var rætt um hvernig staðið er að eiturefnauðkollum hjá Brunavörnum Árnassýslu en þau útköll eru unnin í samvinnu við Slökkviliðið á Höfuðborgarsvæðinu.

Ársreikningur Brunavarna Árnassýslu var lagður fram og svöruðu Kristján og Unna Björg fyrirspurnum um hann.

Ársreikningur Brunavarna Árnassýslu var staðfestur.

Fundargerðir Brunavarna Árnassýslu voru staðfestar.

Til máls tóku auk Kristjáns og Unnu Bjargar Gunnar Þorgeirsson, Ari Björn Thorarensen, Arna Ír Gunnarsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Kjarran Björnsson, Árni Eiríksson, Helgi Kjartansson, Ingibjörg Garðarsdóttir, Sveinn S. Steinarsson, Gunnar Egilsson, Skafti Bjarnason, Eyþór Ólafsson, Ragnar Magnússon, Aldís Hafsteinsdóttir, Helgi S. Haraldsson, Ásta Stefánsdóttir og Guðmundur Ármann Pétursson.

## 10. **Kynning R3 Ráðgjöf – rekstur Brunavarna Árnassýslu**

Fulltrúar R3 Ráðgjafar, þeir Gísli Sverrir Árnason og Tryggvi Árnason, komu á fundinn og kynntu greiningu á rekstri Brunavarna Árnassýslu með samanburði við önnur slökkvilið. Einnig vann að skýrslunni Garðar Jónsson en hann bað fyrir kveðjur á fundinn.

Gísli þakkaði Kristjáni Einarssyni og hans starfsfólki sérstaklega fyrir gott samstarf og góð samskipti vegna greiningarinnar.

Farið var yfir stjórnskipulagið, fjölda starfsstöðva, bílaflota og mannauðinn.

Var það borið saman við önnur slökkvilið á landinu, einkum hversu margar slökkvistöðvar eru í hverju umdæmi og fjöldi slökkvibíla.

Tryggvi fór yfir rekstur Brunavarna Árnassýslu.

Lagði hann fram samanburð um kostnað á íbúa við brunamál og almannavarnir í nokkrum sveitarfélögum á milli ára.

Niðurstöður

Farið var yfir niðurstöður skýrslunnar og þær tillögur er þar komu fram.

Til máls tóku auk Tryggva og Gísla, Guðmundur Ármann Pétursson, Gunnar Egilsson, Skafti Bjarnason, Ari Björn Thorarensen, Ingibjörg Garðarsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Eyþór Ólafsson, Helgi Kjartansson, Ásta Stefánsdóttir, Ingibjörg Harðardóttir, Sveinn S. Steinarsson, Ármann Einarsson, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir og Árni Eiríksson,

Þakkaði formaður héraðsnefndar Tryggva Árnasyni og Gísla Sverri Árnasyni fyrir greinargóða skýrslu.

Lagt er til að fela framkvæmdastjórn í samstarfi við fagráð að vinna áfram að úrvinnslu á niðurstöðum skýrslunnar og boða til aukafundar hjá héraðsnefnd þegar niðurstöður liggja fyrir.

## 11. **Hjúkrunarrými í Árnassýslu – staða mála – næstu skref**

Unnur Þormóðsdóttir fór yfir niðurstöðu greiningar sem unnin var á vegum SASS og vinnu starfshóps Héraðsnefndar Árneseinga um stöðu mála um hjúkrunarrými í Árnassýslu og næstu skref. Í starfshópnum auk Unnar sitja Ásta Stefánsdóttir, Jón Valgeirsson og Sveinn S. Steinarsson. Greinargerð SASS unnu þau Unnur Þormóðsdóttir og Þórður Freyr Sigurðsson.

Ásta Stefánsdóttir tók til máls og lagði fram eftirfarandi tillögu starfshóps Héraðsnefndar Árneseinga um leiðir til að fjölga hjúkrunarrýmum:

**Tillaga fyrir fund Héraðsnefndar Árneseinga hinn 9. apríl 2015**

Héraðsnefnd Árneseinga samþykkir að leita eftir því við Heilbrigðisráðuneytið að heimahjúkrun í Árnessýslu verði aukin og að jafnframt verði hafist handa við byggingu nýs hjúkrunarheimilis á Selfossi.

Mikil þörf er fyrir fjölgun hjúkrunarrýma í Árnessýslu. Reikniregla Velferðarráðuneytisins gerir ráð fyrir að fjölga þurfi rýmum um 61 í Árnessýslu til ársins 2025. Að auki má gera ráð fyrir að flytja þurfi rými af einu hjúkrunar- og dvalarheimili í annað húsnæði. Að jafnaði eru á bilinu 20 -25 einstaklingar á biðlista eftir hjúkrunarrými í Árnessýslu. Þörf fyrir rými á Suðurlandi væri skv. því um 95 rými, til að mæta þörf næstu ára. Héraðsnefnd leggur áherslu á að heimahjúkrun verði aukin á svæðinu, en eins og staðan er í dag er kvöld og helgarþjónusta einungis veitt í þéttbýlustu hlutum sýslunnar. Áætlað er að kostnaður við að koma heimahjúkrun í Árnessýslu í viðunandi lag geti numið um 36 milljónum króna á ári. Samsvarar það kostnaði við framlag ríkis til fjögurra hjúkrunarrýma. Héraðsnefnd leggur því til að leitað verði eftir því að heimahjúkrun verði aukin sem því nemur og að knúið verði á um uppbyggingu á 60 – 80 hjúkrunarrýmum.

Kostnaður við uppbyggingu 60 rýma hjúkrunarheimilis getur numið um 1,5 milljarði og hlutdeild sveitarfélaga 225 milljónum, auk lóðar. Þau sveitarfélög sem hyggjast standa að verkinu semji með sér um innbyrðis skiptingu 15% kostnaðarhlutdeildarinnar.

Lagt er til að fasteignin Austurvegur 28 á Selfossi verði seld og andvirði hennar notað til að hefja vinnu við hönnun og undirbúning nýbyggingar. Fasteignin, sem áður hýsti Sjúkrahús Suðurlands, er eign ríkisins (85%) og sveitarfélaganna (15%). Eignin er 783 ferm. á 2.200 ferm. lóð. Leitað var tilboða í eignina á árinu 2009 en hætt við sölu þar sem tilboð í hana þótti of lágt. Eignin er nú nýtt sem gistiheimili og verður að telja að sölumöguleikar hennar séu betri nú en fyrir sex árum. Þess ber þó að geta að í gildi er leigusamningur um eignina sem gildir út árið 2019.

Starfshópur Héraðsnefndar Árneseinga um leiðir til að fjölga hjúkrunarrýmum  
Í Árnessýslu, 1. apríl 2015.

Til máls tóku auk Unnar og Ástu, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Ari Björn Thorarensen, Arna Ír Gunnarsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Jón Valgeirsson, Helgi Kjartansson og Sveinn S. Steinarsson.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Ekki voru fleiri mál til umræðu. Ari Björn Thorarensen þakkaði góðar móttökur og viðurgjörning allan í Hrunamannahreppi. Hrunamannahreppur bauð fundarmönnum í ökuferð í Límtrésverksmiðjuna en einnig var farinn svo nefndur Maríuhringur og komið við í nýjum Hrunaréttum ásamt því að Gamla laugin á Flúðum var skoðuð.



Þakkaði Ari héraðsnefndarmönnum og starfsmönnum góða samvinnu og samveru og óskaði þeim góðrar heimferðar.

Fundinn sátu: (sign)

|                             |                               |
|-----------------------------|-------------------------------|
| Ari Björn Thorarensen       | Árborg                        |
| Sveinn S. Steinarsson       | Sveitafélagið Ölfus           |
| Aldís Hafsteinsdóttir       | Hveragerðisbær                |
| Arna Ír Gunnarsdóttir       | Árborg                        |
| Ragnar Magnússon            | Hrunamannahreppur             |
| Helgi S. Haraldsson         | Árborg                        |
| Sandra Dís Hafþórsdóttir    | Árborg                        |
| Viðar Helgason              | Árborg                        |
| Ásta Stefánsdóttir          | Árborg                        |
| Ármann Einarsson            | Sveitafélagið Ölfus           |
| Viktoría Sif Kristinsdóttir | Hveragerðisbær                |
| Guðmundur Ármann Pétursson  | Grímsnes- og Grafningshreppur |
| Árni Eiríksson              | Flóahreppur                   |
| Óttar Br. Þráinsson         | Bláskógabyggð                 |
| Helgi Kjartansson           | Bláskógabyggð                 |
| Gunnar Þorgeirsson          | Grímsnes- og Grafningshreppur |
| Skafti Bjarnason            | Skeið- og Gnúpverjahreppur    |
| Bjarney Vignisdóttir        | Hrunamannahreppur             |
| Eyþór H. Ólafsson           | Hveragerðisbær                |
| Gunnar Egilsson             | Árborg                        |
| Ingibjörg Harðardóttir      | Grímsnes- og Grafningshreppur |
| Kjartan Björnsson           | Árborg                        |
| Ingibjörg Garðarsdóttir     | fjárhagsmaður                 |
| Rósa Sif Jónsdóttir         | ritari                        |